

Fundur Uppsveita og Flóa um nýja skóla- og velferðarþjónustu

haldinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi þriðjudaginn 7. febrúar 2023 kl. 15:00.

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar

Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðaði forföll

Bjarni H. Ásbjörnsson varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Starfsmannamál.

Anný fór yfir stöðuna á starfsmönnum og stöðugildum sem verða í Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. frá 1. mars 2023.

Í velferðarþjónustunni er gert ráð fyrir 5,1 stöðugildi og þar af verða tveir starfsmenn í 100% starfshlutfalli, aðrir starfsmenn eru í hlutastarfi.

Í skólaþjónustunni er staðan sú að verið er að auglýsa eftir deildarstjóra í 100% starf, sálfræðingi í 100% starf og talmeinafræðing í 60% starf tímabundið vegna fæðingarorlofs.

Gert er ráð fyrir 3,2 stöðugildum í skólaþjónustunni og þar af verði 2 starfsmenn í 100%. Þegar búið verður að ráða deildarstjóra verður skoðað með að auglýsa eftir ráðgjafa í skólaþjónustunni og þá bætist við fjölda stöðugilda.

Til viðbótar við þetta er svo náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi.

2. Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Anný fór yfir verkefni núverandi skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Eftir umræður var ákveðið að halda áfram með sérstaka nefnd í stað þess að færa verkefnið yfir á stjórn byggðasamlagsins. Komu fram tillögur um að láta nefndina heita Fagråd skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings eða fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Viðkomandi nefnd mun starfa sjálfstætt eins og verið hefur og munu fundargerðir ráðsins fara beint fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna.

Greitt verður áfram fyrir fundarsetu í ráðinu/nefndinni og þarf að skoða nánar fyrirkomulag á greiðslum.

3. Vinnufyrirkomulag.

Rætt var um fyrirkomulag á fjarvinnu- og þjónustu stefnu byggðasamlagsins og var Anný falið að taka saman stefnu þar sem starfsmönnum verður m.a. bent á að hafa í huga hag byggðasamlagsins og umhverfisins við ákvörðun um keyrslu. Skoðað verði hvort eitthvað verði hægt að vinna að heiman og jafnframt hafður í huga sá möguleiki að starfsmenn byggðasamlagsins geti jafnvel nýtt sér aðstöður í skólum og á skrifstofum sveitarfélaganna til að minnka akstur.

4. Barnaverndarbakvaktir.

Rætt var um bókun NOS um að skoða sameiginlegar barnaverndarbakvaktir hjá Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Ölfus og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Anný tekur þátt í sameiginlegum fundi um málið og mun upplýsa stjórn um framhaldið.

5. Undanþágan frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Rætt var um undanþágu sem sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa hafa frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu. Undanþágan er til loka mars en sveitarfélögin þurfa að vera búin að skila inn nýrri umsókn fyrir 1. Mars næstkomandi. Til að uppfylla undanþáguna þarf meðal annars að gera verktakasamning við Lögmennt Suðurlands vegna barnaverndar.

Anný mun vinna málið áfram ásamt KPMG.

6. Önnur mál vegna yfirfærslunnar.

a) Ráðningarferli í gegnum Hagvang.

Rætt var um ráðningarferlið sem Hagvangur er að sinna fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna þar sem auglýst er eftir deildarstjóra skólaþjónustu, sálfræðing og talmeinafræðing. Ákveðið var að Haraldur og Ása muni sjá um ráðningarferlið á deildarstjóra skólaþjónustu og að Haraldur, Anný og Ása sjá um ráðningarferlið á sálfræðingi og talmeinafræðingi.

b) Tölvukerfi.

Rætt var um tölvukerfi. Anný fór yfir að áfram verður notast við Félagsmálastjórnann hjá Wise í velferðarþjónustunni sem Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða bs. fær aðgang að / hýsingu í gegnum Bláskógabyggð. Áfram sem verður notast við One system í skólaþjónustunni.

c) Fjármál.

Anný ræddi um mikilvægi þess að deildarstjórar séu meðvitaðir um reikninga og fái mögulega aðgang til að samþykkja reikningana og þar með meiri yfirsýn yfir starfið. Upp kom umræða um bankareikning fyrir byggðasamlagið og annað sem þarfnast nánari umræðu á næsta fundi.

Ákveðið var að hvert sveitarfélag myndi fá sínar fjárhagsupplýsingar í tengslum við fjárhagsaðstoð, heimaþjónustu og þess háttar og greiða sjálf út.

d) Sérdeild Suðurlands.

Rætt var um Sérdeild Suðurland, Setrið. Anný mun hafa samband við Sveitarfélagið Árborg um mögulega áframhaldandi samstarf.

e) Stjórnarfundir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs.

Rætt var um að haldnir yrðu mánaðarlegir stjórnarfundir með deildarstjórum alla vega fyrst um sinn. Rætt var um mikilvægi þess að töluleg gögn liggi fyrir og að stjórn sé m.a. um málafjölda. Ákveðið var að deildarstjórar myndu vera með tölulegar upplýsingar fyrir stjórn á þriggja mánaða fresti.

f) Þjónusta.

Rætt var um mismunandi þjónustu sem verið er að veita í ýmsum málaflokkum m.a. til eldri borgara og fatlaðra innan sveitarfélaganna. Anný falið að skoða hvað er í boði hjá

hverju sveitarfélagi, skoða reglur og bera saman. Anný mun einnig skoða hvort upplýsingar um hvaða þjónusta sé í boði séu auðfinnanlegar á heimasíðum sveitarfélaganna.

g) Heimasíða.

Rætt var um heimasíðuna og lénið www.arnesthing.is. Anný falið að skoða hvort það sé einhver innan raða starfsfólksins sem gæti tekið að sér að sjá um heimasíðuna.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.